

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 4. júlí 2023
UST202306-178/B.S.
10.05.00

Efni: Ytri-Varðgjá Hótel – Eyjafjarðarsveit. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 6. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Ráðgert er að reisa hótel neðst í skógivaxinni brekku neðan við Ytri-Varðgjá. Byggingin verður 5 hæðir og allt að 9.000 m². Aðkoma að hótelinu verður frá Eyjafjarðarbraut eystri yfir lón sem myndaðist við lagningu vegarins.

Óshólmar Eyjafjarðarár eru á náttúruminjaskrá og er verndargildi svæðisins talið vera mikið fuglalíf og sérstætt gróðurfar. Svæði er að mestu vestan Eyjafjararbraut eystri.

Umhverfisstofnun telur ekki ástæðu til að ætla að umrædd framkvæmd muni hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.

Að mati Umhverfisstofnunar þarf fyrst og fremst að huga að fráveitu og sjónrænum áhrifum hótelsins. Fram kemur í greinargerð að reist verði hreinsivirki við hótelið og gerðar verða ítrustu kröfur til gerðar og virkni hreinsivirkis.

Hvað sjónræn áhrif varðar er gert ráð fyrir að byggja hótelið að hluta inn í skógivaxna brekkuna til að milda áhrif á landslag. Umhverfisstofnun telur jákvætt að reynt verði að draga úr sjónrænum áhrifum bygginga á þennan hátt. Undanfarin ár hefur verið talsverð uppbygging á svæði sunnan Hringvegur og austan Eyjafjarðarbrautar eystri. Allar líkur eru á að þessi þróun muni halda áfram og að þarna verði áframhaldandi mannvirkjagerð þar með talin íbúðabyggð og með tímanum mun þetta svæði verða hluti þéttbýlis.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir,
sérfræðingur